

**Varðar: 1. Borgartún 34 – umsögn um staðsetningu ökutækjaleigu**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2024 var lagt fram bréf Samgöngustofu, dags. 26. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um ökutækjaleigu, vegna umsóknar Jóns Kristins Björgvinssonar f.h. Green Campers ehf. um geymslustað ökutækja að Borgartúni 34. Sótt er um að leigja út allt að 10 ökutæki.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

**Skipulag í gildi**

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin á skilgreindu svæði M6a Borgartún - Miðsvæði

**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag fyrir Borgartún 34-36, samþykkt í Borgarráði 16.nóv.2017 með síðari breytingum. Í gildandi skipulagi er heimild til þess að rífa allar byggingar á lóðinni og byggja 100 íbúðir á 4-8 hæðum með verslunarrými á 1. hæð

**Umsögn**

Í lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, 65/2015, dags. 9. júlí þá er ökutækjaleiga starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni þar sem almenningi eða fyrirtækjum er boðið til leigu skráningarskyld ökutæki án ökumanns, að jafnaði til skemmri tíma. Hver sá sem hyggst reka ökutækjaleigu skal hafa til þess starfsleyfi frá Samgöngustofu. Starfsleyfi er ótímabundið og skal veitt að fenginni jákvæðri umsögn sveitarstjórnar í því umdæmi þar sem ökutækjaleiga mun geyma skráningarskyld ökutæki í útleigu. Í umsögn skal sveitarstjórn m.a. taka afstöðu til geymslustaðar og þess hvort aðkoma henti fyrir slíkt. Umsagnir skulu vera skýrar og rökstuddar. Starfsleyfi getur verið bundið skilyrðum sem koma fram í umsögn.

Almennir fyrirvarar varðandi afgreiðslu skipulagsfulltrúa um ökutækjaleigu, sem fylgja með öllum umsögnum um ökutækjaleigu:

- Það er á ábyrgð umsækjanda að geta sýnt fram á að fullnægjandi bílastæðafjöldi sé til staðar fyrir starfsemina á lóðinni sem skerði ekki nýtingu annarra meðlóðarhafa á bílastæðum innan lóðar. Ef ekki reynist vera aðstaða fyrir þann fjölda bíla sem óskað er eftir innan lóðamarka, skal endurskoða starfsleyfið.
- Afgreiðsla skipulagsfulltrúa felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu borgarinnar að útvega frekari bílastæði á borgarlandi eða veita heimild fyrir fleiri bílastæðum innan lóðamarka, ef svo ber við, og er það á ábyrgð umsækjanda og lóðarhafa að gera viðeigandi ráðstafanir ef bílastæðafjöldi reynist ófullnægjandi, á eigin kostnað.
- Bent er á að landnotkun svæðisins gæti breyst í framtíðinni sem gæti haft áhrif á starfsskilyrði bílaleiga á svæðinu.

Húsið á lóð nr. 34 við Borgartún er verkstæði byggt árið 1958 skv. fasteignaskrá. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa á umsókn Green Campers ehf, um rekstur ökutækjaleigu á lóðinni. Í umsókn er sótt um leyfi fyrir allt að 10 ökutækjum.

Deiliskipulag sem er í gildi fyrir lóðina gerir ráð fyrir að núverandi byggingar verði fjarlægðar og að byggðar verði um 100 íbúðir á reitnum. Samkvæmt tímabundnum leigusamningi frá Green Campers ehf (frá 21.11.2021) er tekið fram að byggingin verði rifin innan árs.

### **Niðurstaða**

Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við rekstur ökutækjaleigu við Borgartún 34. Samræmist ekki deiliskipulagi.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hrönn Valdimarsdóttir, Landslagsarkitekt / verkefnastjóri